

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Uppsalaveg á Húsavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Húsavíkubæjar þann 20. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag svæðis á „hólnum“ í Húsavíkurbæ. Skipulagið afmarkast af Garðarsbraut að vestan, Fossvöllum að norðan, Holtagerði og Uppsalavegi að austan og Baughóli og Hjarðarhóli að sunnan. Svæðið er að mestu fullbyggt en þó bætast við þrjár nýjar byggingarlóðir við Uppsalaveg. Þrjár athugasemdir bárust við skipulagstillöguna og var henni breytt óverulega til samræmis við þær. Þeir sem óska nánari upplýsingar um deiliskipulagið og afgreiðslu þess geta snúið sér til undirritaðs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Húsavík, 10. maí 2004.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Reykjalundar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Reykjalundar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 31. mars 2004.

Breyting felst í því að stofnanasvæðið er minnkað til austurs auk þess sem lóðirnar Amsturdamur 2, 4 og 8 verða sjálfstæðar lóðir utan stofnanasvæðisins. Afmörkuð er aðkoma að lóðinni Amsturdam 6. Einnig er afmörkuð lóð fyrir sumarhúsið Eyri með aðkomu frá Sveinseyri. Jafnframt er mörkum skipulagssvæðis breytt við Engjaveg.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 18. maí 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.